

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 26. febrúar 1997 • 8. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Það var ekki falleg sjón sem blasti við eigendum íbúðarhússins að Dísarlandi 10 í Bolungarvík þegar þeir fengu að fara til síns heima á laugardag, eins og sjá má á myndinni.

Tvö snjóflóð féllu á þrjú íbúðarhús við Dísarland í Bolungarvík á föstudag

Mildi að ekki varð manntjón

Mikil mildi var að ekki varð manntjón þegar tvö snjóflóð féllu úr Traðarhyrnni á þrjú hús við Dísarland í Bolungarvík s.l. föstudagskvöld. Það var árverki íbúanna sjálfra sem varð til þess að ekki fór verr en raun varð á. Ljóst er að hið nýja skipulag snjóflóða-efirlitsmála virkaði ekki sem skyldi við þær aðstæður sem sköpuðust í Bolungarvík og deila menn nú um valdsvið vegna húsrýminga á hættu- svæðum.

Það var um 19:30 á föstudagskvöldið sem fyrri flóðið féll og lenti það á húsi númer

14 við Dísarland án þess að valda skemmdum. Guðlaug Elíasdóttir var heima ásamt börnum sínum og varð vör við flóðið. Hún lét eiginmann sinn, Sigurgeir Jóhannsson, vita hvernig komið var en hann var við snjómokstur í bænum á þeirri stundu. Þegar Sigurgeir kom heim lét hann næstu nágretta sína í Dísarlandinu vita af flóðinu og bjuggust þeir þá þegar til að yfirgefa hús sín. Sigurgeir ásamt Olgeiri Hávarðarsyni, sem býr að Dísarlandi 10, tilkynntu bæjaryfirvöldum um snjóflóðið og var þá almannavarnanefnd Bol-

ungarvíkur kölluð strax til starfa.

Um klukkan 22:00, klukku- tíma eftir að íbúar höfðu yfirgefið hús sín, féll annað flóð og lenti það á húsunum númer 8 og 10 við Dísarland. Flóðið olli miklum skemmdum á báðum húsunum og hefði varla þurft að spyrja að leikslokum ef íbúarnir hefðu verið heima við þegar það féll.

Flóðið féll af miklum þunga á Dísarland 10 og lagði m.a. þrjú barnaherbergi í rúst en svefnálma hússins er í þeim hluta sem snýr að fjallshlíðinni. Steyptir milliveggir á milli

herbergjanna splundruðust við þrýstinginn frá flóðinu og glerbrot og fleira smálegt þeyttist inn eftir húsinu. Stór og myndarlegur skjólveggur, sem íbúarnir höfðu reist á lóð sinni, er rústur einar eftir flóðið en talið er að hluti þess hafi farið yfir húsið. Ljóst er að tjónið nemur milljónum króna og húsið er óíbúðarhæft.

Að Dísarlandi 8 varð einnig verulegt tjón en snjóflóðið fór í gegnum húsið, þvert yfir stofu og sjónvarpsaðstöðu þar sem heimilisfólk hefði sjálfsagt verið statt ef það hefði ekki fengið aðvörn. Sigríður Gest-

dóttir hafði þá nýverið yfirgefið heimili sitt ásamt fjórum börnum sínum en eiginmaður hennar var fjarverandi. Húsið er óíbúðarhæft.

Um klukkan 22:00 á föstudagskvöldið var byrjað að rýma hús efst í byggðinni í Bolungarvík og var samtals 278 manns úr 69 húsum gert að yfirgefa heimili sín áður en nóttin var úti. Var það gert í samræmi við rýmingaráætlun og komu til- mæli þess efnis frá snjóflóða- deild Veðurstofu Íslands að sögn Jónasar Guðmundssonar, sýslumanns og formanns al- mannavarnanefndar Bolungar-

víkur, en hann segir skýrt í lögum að Veðurstofa Íslands fari með vald þegar kemur að rýmingu húsa.

Í fréttum sjónvarps á laugardagskvöld kom fram hjá Magnúsi Jónssyni, veðurstofustjóra, að heimamenn geti tekið á- kvörðun um rýmingu ef ástæða þyki til. Greinilegt er af fram- angreindu að ekki er nægilega skýrt hver fer með rýmingar- valdið en unnið hefur verið að endurskipulagningu snjóflóða- mála allt frá snjóflóðunum í Súðavík og á Flateyri. Sjá nánar á bls. 2 og 3.

Blaðsíða 4

Skemmdir unnar á almenningssalerni Ísafjarðarhafnar



Blaðsíða 9

Blóta Þorra og Góu til skiptis



Blaðsíða 12

Fyrsta ferð Fagranes með flutninga- bíla um Djúp



Ágreiningur um valdsvið vegna rýminga

Spurningin

Munu hvalveiðar hafa áhrif á fiskútflutning Íslendinga?



Björgvin Bjarnason, framkvæmdastjóri Íshúsfélags Ísfirðinga:

Já, alveg örugglega og að líkindum svo mjög, að ég tel ekki rétt að hefja hvalveiðar að nýju.

Allt bendir til að nefnd sem verið hefur að störfum, muni mæla eindregið með að Íslendingar hefji hvalveiðar að nýju. Margir óttast að afleiðingarnar eigi eftir að koma illa við ferðaþjónustuaðila og fiskútflutjendur og leggjast alfarið gegn hugmyndum í þessa átt.

Snjóflóðin í Bolungarvík hafa vakið upp spurningar um valdsvið þegar kemur að rýmingu húsa vegna hættu á snjóflóðum. Fyrri flóðið féll um klukkan 19:30 á föstudag en almenn rýming fór ekki fram fyrr en um klukkan 22:00 það sama kvöld.

Jónas Guðmundsson, sýslumaður og formaður almanna- varnarnefndar Bolungarvíkur, segist hafa kallað almanna- varnarnefndina í Bolungarvík saman um leið og fréttir bárust af fyrri flóðinu og að nefndin hafi verið í viðbragðsstöðu og beðið eftir fyrirmælum frá veðurstofu. Hann segir að íbúum við Dísarland hafi þó verið gert aðvart um flóðið strax og vitneskja barst um það.

Jónas segir að það sé skýrt í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 28 frá 4. júní 1985, sbr. lög nr. 50/1995, 102/1995 og lög nr. 151/1995 að Veðurstofa Íslands taki ákvörðun um rýmingu húsa þegar hættu stafar af snjóflóðum. Jónas vísar til 4. greinar laganna í þessu sambandi en þar segir m.a.:

„Þegar Veðurstofa Íslands, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnarnefnd, gefur út viðvörðun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flutt brott úr öllu húsnæði á svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörðun Veðurstofunnar, í sam-

ræmi við gildandi neyðar- áætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppdrættir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almanna- varnarnefndum á hlutaðeigandi stöðum. Lögreglustjóri og almannavarnarnefnd sjá um að rýma húsnæði skv. gildandi neyðaráætlun.“

Fyrirmæli komu frá Veðurstofu um rýmingu allra svæða

Jónas segir að fyrirmæli um rýmingu allra svæða umrætt kvöld í Bolungarvík hafi komið frá Veðurstofu Íslands og undrast hann ummæli veðurstofustjóra í fjölmiðlum þar sem hann fullyrðir að heimamenn í Bolungarvík hafi tekið einhliða ákvörðun um rýmingu J-svæðis, svæðið frá Völu- steinsstræti að norðanverðu að Holtabrún, en að sögn Jónasar komu fyrirmæli um rýmingu J-svæðis frá Veðurstofu, eins og fyrirmæli um rýmingu annarra svæða.

Jónas segist hafa verið í sambandi við snjóathugunar- mann Bolungarvíkurkaupstaðar, Jóhann Hannibalsson, á föstudaginn, síðast rétt áður en



Björgunarsveitarmaður við hreinsunarstörf að Dísarlandi 10 í Bolungarvík.

hann hætti vinnu um klukkan 18:00. Þá hafi ekki verið talin nein hætta á ferðum þrátt fyrir að miklum snjó hafi kyngt niður allan daginn.

Jónas segir að mest um vert sé að læra af reynslunni og vill ekki efna til illdeilna við hlutaðeigandi um þetta mál. Hann segir að nú sé frumvarp í meðförum Alþingis sem felur í sér breytingar á núverandi lögum um snjóflóð og skriðuföll og er þar m.a. rýmingarvald skilgreint nánar en nú er.

Að sögn Jónasar er mikil- vægast að ekki varð manntjón af völdum snjóflóðanna þrátt fyrir talsvert eignatjón og segir

hann nú ljóst, að þær varúðar- rástafanir sem viðhafðar hafa verið áður vegna snjóflóða- hættu hafi átt rétt á sér en margir hafi dregið í efa að snjóflóð gæti nokkru sinni fallið úr Traðarhyrnum.

Björgunarsveitin Ernir aðstoðaði fólk við að komast frá heimilum sínum á föstudags- kvöldið og sá um að loka hættu- svæðið af. Vel gekk að rýma hús og að sögn Jónasar Guðmundssonar voru ekki nema 1-2 aðilar sem höfðu uppi mót- mæli þegar þeim var sagt að yfirgefa heimili sín.

Björgunarsveitin hófst síðan handa á laugardagsmorgun við

að kanna skemmdir, moka út úr húsum sem skemmdust og bjarga verðmætum. Því verki var lokið seinnipart laugardags og hafði þá verið negl fyrir glugga og húsum lokað.

Eftir hádegi á laugardag var fólk leyft að huga að húsum sínum og eignum undir ströngu eftirliti björgunarsveitarinnar. Engum var hleypt inn á svæðið nema viðkomandi bæri snjóflóðayli innanklæða. Það var svo um klukkan 20:00 sem öllum íbúum, í öðrum húsum en við Dísarland og tveimur húsum við Traðarland, var leyft að fara í hús sín.

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-press ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hpress@snarpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snarpa.is/bb

Fákeppni

Leiðari

Hurðarskellirnir við útgöngu nokkurra lykilmanna frá Stöð 2 yfir til Stöðvar 3 ómaði enn í eyrum, loks blasti framfíðin við Stöð 3 eftir langar hremmingar, loks skein sól í heiði, þegar skyndilega kaup Stöðvar 2 á öllu klabbinu kom í opna skjöldu.

Frá upphafi höfðu margir efasemdir um möguleika þriggja stórra sjónvarpsstöðva til að plumma sig á ekki stærri markaði en íslenska þjóðin er, samhliða öllum þeim erlendu stöðvum, sem í boði eru og ekki minnkaði undrunin þegar Stöð 2 færði út kvíarnar með ljósbláu rásinni. Kapphlaupið sem hófst milli stöðvanna varð að stríði. Hundruðir milljóna króna runnu í stríðsreksturinn. Að lokum komst maður út í bæ (Reykjavík) að þeirri merkilegu niðurstöðu, sem ekkert fjármálatróllanna á sjónvarpsstöðvunum virðist hafa komið auga á, að hvorugur aðillinn myndi lifa átökin af.

Sameining Stöðvar 2 og 3 er í takt við það sem verið hefur að gerast í fjölmiðlaheiminum. Yfirráðin færast sífellt á færri hendur. Sampjöppunin í blaðaheiminum er ljóst dæmi. Þjóðviljinn dó drottni sínum. Framsóknar- blöðin Dagur og Tíminn voru að veslast upp og skriðu fegins hugar í náðarfaðm risans til að geta að nafninu til dregið andann lengur. Að lokum fór „litla blaðið í eldsþýstokknum“ sömu leið. Og a.m.k. eitt hinna svokölluðu landsbyggðarblaða er komið inn í hlýjuna.

Sú gífurlega sampjöppun valds sem átt hefur sér stað, og nú hefur verið innsiglið með samsuðu sjónvarpsstöðvanna, orkar tvímælis.

Stærsta hættan við einokunarrisa af þessu tagi er að ráðandi öfl þar á bæ taki á bak við tjöldin ákvörðunarvald í sínar hendur um fréttaflytning, stjórni því hvaða fréttum er komið á framfæri við almenning og hverjum ekki. Hið fyrrgreinda kann að sýnast meinlaust, hið síðara er hættulegt. Við slíkar aðstæður hefur almenningur aðeins eitt haldreipi; fréttu- og blaðamenn. Svo lengi sem þeir halda vöku sinni og ekki er valtrað yfir þá, kann þetta að geta gengið. Ekki stundinni lengur. Og fréttamenn hafa fengið að taka pokann sinn fyrirvaralaust og án viðhlýtandi skýringa, svo sem dæmi eru um. Sampjöppun valds í fjölmiðlaheiminum er orðið alþjóðlegt vandamál og áhyggjuefni.

Sameiningarskriðan, sem komin er af stað á öllum sviðum atvinnulífsins er skyldari ríkisforsjá fyrri ára en margur hyggur. Einokun í hvaða mynd sem er, er engu samfélagi holl. Vissulega þurfum við á traustum og góðum fyrirtækjum að halda, stórum jafnt sem smáum. Með of mikilli sampjöppun er næsta víst að girt sé fyrir möguleika nýrra aðila til að hasla sér völl. Þegar svo er komið er lítið eftir af rómuðu frelsi einstaklingsins.

Að ekki sé nú talað um þau ósköp þegar ríkisvaldið tekur sér það föðurlega hlutverk fyrir hendur að ákveða hverjir mega lifa og hverjir eiga að deyja, líkt og gerst hefur í sjávarútvegi og landbúnaði.

s.h.


Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Fór samstundis út úr húsinu

Sigríður Gestsdóttir, sem býr að Dísarlandi 8, var heima með fjórum börnum sínum þegar nágranni hennar, Sigurgeir Jóhannsson, kom og tilkynnti henni að snjóflóð hefði fallið á hús hans. Klukkan var 19:45 þegar þetta gerðist og segir Sigríður að henni hafi brugðið við fréttirnar en hún hafi samstundis klætt sig og börnin og verið farin úr húsinu klukkan 20:00. Hún segist hafa verið óróleg út af veðrinu allan föstudaginn en snjó hafði kyngt niður nær látlaust.

„Það var búið að hvarfla að mér að fara út og ég veit ekki hvað ég hefði gert ef þetta hefði ekki komið til. Mér finnst ekkert endilega að einhver þurfi að reka mig út, ef mér líður illa sjálfri þá auðvitað fer ég.“ Sigríður segist nokkrum sinnum hafa yfirgefið heimili sitt vegna hræðslu við snjóflóð án þess að henni hafi verið vísað út af yfirvöldum. Hún segist ekki vera ánægð með að ákvarðanir um rýmingu húsa þurfi að koma að sunnan og telur að heimamenn þekki að-

stæður betur og geti tekið ákvarðanir fyrr í ljósi þeirrar þekkingar. Aðspurð um hvað muni gerast næst í sambandi við hús og eignir og hvort þau ætli að gera við húsið og búa í því áfram; segir Sigríður að á þessari stundu viti þau ekkert hvað verði. „Við tökum bara einn dag í einu og skoðum þetta í rólegheitunum. Við komum okkur auðvitað bara út til að byrja með og síðan verður þetta bara að skoðast - maður veit ekkert enn.“ Sigríður segist telja að



Snjóflóðið fór inn um þennan glugga á húsinu númer 8 við Dísarland í Bolungarvík. Annar húsráðenda, Sigríður Gestsdóttir er á innfeldu myndinni.

hún verði ekki róleg í húsinu eftir þetta að vetrarlagi ef svo færi að fjölskyldan flytti inn aftur. Bæjaryfirvöld hafa hlutast til með útvegum húsnæðis og voru Sigríður og eiginmaður hennar, Viðar Axelsson, í óðaönn við koma sér fyrir á nýja staðnum þegar samtalið átti sér stað. Maður frá Viðlagasjóðstryggingu var

búið að koma og skrá skemmdir og tjón á innbúi en að sögn Sigríðar er ekki búið að meta hvað heildartjónið er. Hún segir að bæjaryfirvöld í Bolungarvík hafi staði sig vel við að reyna aðstoða þau og að bæjarstjórnin hafi verið allur af vilja gerður til að hjálpa þeim við finna húsnæði við hæfi. „Ég reikna samt með

að endanleg úrlausn okkar mála taki langan tíma - það hefur orðið raunin annars staðar og ég á ekki von á að það verði öðruvísi hér,“ sagði Sigríður Gestsdóttir að lokum en hún bað jafnframt fyrir þakklætiskveðjur til björgunarsveitarmanna og annarra er aðstoðað hafa hana og fjölskyldu hennar.



Hjónin Guðný Kjartansdóttir og Þórarinn Jóhannesson og Oddný Guðmundsdóttir og Gunnar Hallsson fylgjast með fréttum af gangi mála, en þau dvöldu á gististaðnum Víkinni.

Bolungarvík

26 manns dvöldu á gististöðum

Um 280 manns var gert að yfirgefa 69 hús og íbúðir í Bolungarvík vegna yfirvofandi snjóflóðahættu s.l. föstudag. Flestir áttu í önnur hús að vanda hjá ættingjum og vinum en þó voru 9 aðilar sem fengu húsaskjól á Gestahúsinu og 17 á gististaðnum Víkinni. Fólkið dvaldi á þessum stöðum í góðu yfirlæti þar til það fékk að fara heim á laugardag.



Guðlaug Sveinsdóttir og sonur hennar, Sveinn Baldvinsson, en fjölskylda þeirra gisti í Víkinni.

Skipasmíðastöðin hf. á Ísafirði

Breytingum á Agli lokið

Á þriðjudag í síðustu viku lauk Skipasmíðastöðin hf. á Ísafirði við breytingar á vélbátinum Agli BA-468 frá Patreksfirði. Að sögn Sigurðar Jónssonar, framkvæmdastjóra Skipasmíðastöðvarinnar, var

sett á bátinn nýtt perustefni og nýr hvalbakur, vélin var tekin upp og báturinn sandblásinn og málaður. Í fyrri var Egill BA breikkaður í Skipasmíðastöðinni og hefur báturinn tekið algjörum stakkaskiptum við

breytingarnar. Hann ber þær þó vel eins og sjá má á meðfylgjandi mynd sem ljósmyndari blaðsins tók þegar Egill var sjósettur.



Á gönguskíðum í Tungudal

Á annað hundrað áhugamenn um skíðagöngu tóku fram skíðin á sunnudag og nutu þeirrar frábæru aðstöðu sem er fyrir skíðagöngufólk í Tungudal. Fram til þessa hefur verið fremur lítið um snjó í dalnum, en fyrir síðustu helgi snjóaði mikið og létu skíðaáhugamenn það ekki fram hjá sér fara. Meðfylgjandi mynd var tekin við Bræðratungu er skíðagöngumenn voru að undirbúa sig fyrir göngu í dalnum.

Ísafjarðarbær

Kratar saman í eina sæng

Fyrir dyrum stendur að sameina Alþýðuflokksfélögin á Ísafirði, Flateyri og Suðureyri í eitt jafnaðarmannafélag. Undirbúningsnefnd að stofnun félagsins hefur fundað um málið og mun hún leggja fram drög að lögum og starfsemi félagsins á stofnfundi sem stefnt er að því að halda 8. mars næstkomandi.

Ekkert Alþýðuflokksfélag hefur verið starfrækt á Þingeyri, en félagssvæði hins nýja félags mun teygja anga sína þangað. Reiknað er með að einhver átök geti orðið á fundinum um nafn á félagið, en eldri kratar á svæðinu munu ekki vera tilbúnir til að breyta nafninu úr Alþýðuflokksfélagi Ísafjarðar í t.d. Jafnaðarmannafélag Ísafjarðarbæjar.



Afmæli

70 ára

Sigríður Sigurðardóttir, Hlíðarvegi 17 á Ísafirði, verður sjötug laugardaginn 1. mars næstkomandi.

Hún og eiginmaður hennar, Gunnar Pétursson, taka á móti gestum í Oddfellowhúsinu eftir kl. 17 á afmælisdaginn.

Byggðu snjóhús á þaki bílskúrs

Eins og Vestfirðingar hafa orðið óþyrmilega varir við, snjóaði mikið á norðanverðum Vestfjörðum fyrir og um síðustu helgi. Ekki eru allir á eitt sáttir um að fá slíka ofankomu á einu bretti, enda hefur hún ollið tjóni eins og fram kemur annars staðar í blaðinu. Börnin á myndinni, voru hins vegar ánægð með þennan mikla snjó og ákváðu að byggja sér snjóhús. Börnin réðust ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og ákváðu að snjóhúsabyggingin skyldi standa á þaki bílskúrs eins við Þvergötu á Ísafirði. Gengu byggingaframkvæmdir vel og voru börnin ánægð þegar ljósmyndari blaðsins leit við hjá þeim á sunnudag.



Skemmdir unnar á almenningsalerni við Sundahöfn

Látum ekki brjóta okkur niður

– segir Hermann Skúlason, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, sem biður vegfarendur um höfnina að hafa augun opin gagnvart skemmdarvörgum svo unnt sé að uppræta spillinguna

Síðustu tvær helgar hafa óprútt- nir bæjarbúar skemmt almenn- ingssalerni sem stendur við smábátahöfnina í Sundahöfn á Ísafirði. Hafa þeir sem þarna hafa verið að verki, brotið niður

klósettskálar, rífið niður fest- ingar fyrir klósettpappír auk þess sem þeir hafa ráðist á lofræstikerfi. Í eitt skiptið settu skemmdarvargarnir sprengju í klósettskálina sem leystist upp

í frumeindir sínar.

„Þetta er salerni sem fyrst og fremst á að þjóna viðskipta- vinum hafnarinnar sem og þeim ferðamönnum sem leið eiga um svæðið. Því miður höfum við ekki fengið að hafa þessa þjónustu í friði og höfum við þurft að taka til þess bragðs að loka annarri salernisaðstöð- unni. Á þeim stað var klósettið sprengt í tætlur. Um leið og við lokuðum aðstöðunni, mölv- uðu skemmdarvargarnir upp hurðina og fóru inn. Þeir hafa ráðist á lofræstingar og fleira. Það er ekkert heilagt í þessum efnum,” sagði Hermann Skúla- son, hafnarstjóri Ísafjarðar- bæjar í samtali við blaðið.

Hermann segir að salernis- aðstaðan hafi verið orðin sam-

komustaður unglunga og sé allt- af sama gengið á ferðinni, þó svo að engar haldbærar sann- anir séu fyrir hendi. Við ætlum ekki að láta brjóta okkur niður með það að geta þjónustað viðskiptavini hafnarinnar og því munum við ekki loka salernisaðstöðunni við smá- bátahöfnina. Við biðjum aftur á móti vegfarendur um höfnina að hafa augun opin og láta okkur vita til þess að það sé hægt að uppræta svona spill- ingu,” sagði Hermann Skúla- son.



Hermann Skúlason, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar og Richard Theodorsson, hafnarvörður við salernisaðstöðuna við smábátahöfnina í Sundahöfn.



Eins og sjá má hafa skemmdarvargarnir gengið hraustlega til verksins.



Pantanasíminn er 456 3367



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús:

Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-
Fagraholt 2: 160m² einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Tilboð óskast.
Fjarðarstræti 18: 120,6m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Mikil endurnýjað. Skipti möguleg. Verð: 11.500.000,-

Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hafraholt 28: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt kjallara og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishús



Krókur 1: 51,1m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð 4.400.000,-



Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í fjölbýlishúsi. Verð: 7.400.000,-
116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-

á tveimur hæðum Húsið er laust strax. Tilboð óskast.
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyri. Verð: 9.900.000,-
Stakknes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti á góðri 3ja til 4ra herbergja blokkaríbúð möguleg. Verð: 11.600.000,-
Strandgata 3: 106m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð 3.500.000,-
Sunnuholt 6: 231,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 19: 110 m² 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.800.000,-
Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrjúbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 6.500.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrjúbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Seljalandsvegur 20: 119m² 4ra

herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fjótlega. Verð: 7.800.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódyrari eign möguleg. Tilboð óskast.

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 7.200.000,-
Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppi Verð: 5.500.000,-

Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 11: 80m² íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 80 m² íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-

Atvinnuhúsnæði

Silfurgata 6: verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi í hjarta bæjarins. Verð: 5.000.000,-



Hlíf II: 65,7m² íbúð á 1. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Íbúðin er laus. Verð: 6.800.000,-
50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,-

Er upplýsingatæknin lausn byggðavandans?

Einhæft atvinnulíf er af mörgum talin ein ástæðan fyrir stöðugri fólksfækkun á Vestfjörðum. Vestfirðingar voru 8.856 talsins þann 1. desember 1996 og hafa ekki verið færri síðan árið 1860. Tími virðist kominn til að snúa vörn í sókn og horfa menn mikið til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða í því sambandi en það var stofnað s.l. haust.

Ný samskiptatækni hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum misserum og með tilkomu Veraldarvefsins og tölvupósts m.a., opnast landsmönnum ýmsir áður óþekktir möguleikar til atvinnusköpunar, möguleikar sem gjörbylt gætu landslagi atvinnulífs á Vestfjörðum ef rétt er haldið á spilunum. Þróun í þessa átt er hafin og er skemmt að minnst þess að Skipasmíðastöðin hf. á Ísafirði sótti sér sérfræðipækkingu til Bandaríkjanna með hjálp hinnar nýju samskiptatækni þegar fyrirtækið vann að nýjasta nýsmíðaverkefni sínu.

Störf út á landsbyggðina í stað stofnana

Flutningur ríkisstofnana út á land hefur verið talsvert í umræðunni á síðustu árum og hefur t.d. verið rætt um að flytja Landmælingar Íslands upp á Akranes frá Reykjavík. Áætlanir þessar hafa hlotið misjafnar undirtektir og þá sérstaklega hjá starfsfólki sem finnst að verið sé að neyða það til búsetuskipta. Flutningur stofnana í heilu lagi hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér óhemju kostnað. Ekki væri nóg að flytja starfsfólkið eingöngu, heldur þyrfti að byggja eða kaupa húsnæði á viðkomandi stöðum auk þess sem flutningurinn einn og sér yrði

kostnaðarsamur.

Með tilkomu hinnar nýju upplýsinga- og samskiptatækni hljóta hugmyndir um flutning ríkisstofnana út á land að taka aðra stefnu. Ætla skyldi, að það sem liggur að baki hjá stjórnvöldum með þessum hugmyndum, séu þau störf sem unnin eru innan ríkisstofnana og útteiling þeirra meðal byggða landsins. Margir benda á að innsláttur á tölvu sé varla ómerkilegra starf en vinna í fiski. Samt er það svo að þegar kemur að umræðu um atvinnumál á Vestfjörðum þá einskorðast hún venjulega við störf í fiskvinnslu, kvóta o.s.frv. Samskiptatækni dagsins í dag gerir fólki sem búsett er t.d. á Þingeyri kleyft að vinna fyrir fyrirtæki sem staðsett er í Ástralíu og þá eins fyrir íslenskar ríkisstofnanir, og önnur fyrirtæki - og það sem meira er, fólkið getur innt þessa vinnu af hendi heima hjá sér og því óþarfi að byggja einhverjar glerhallir undir starfsemi.

Reyndar er málið ekki alveg svona einfalt, því einhver tölvukunnátta þarf að vera fyrir hendi til starfa af þessu tagi og að sjálfsgöðu þarf tölvu og tilheyrandi búnað. Í sjálfu sér er þetta þó einfaldara en margur heldur og spurning eingöngu um frumkvæði, vilja og auðvitað störf. Þar kemur að ríkisvaldinu og störfunum innan stofnana þess, en fyrlýstur er vilji til að flytja störf út á land þannig að í raun er ekkert að vanbúnaði.

Vestfirðingar sýni frumkvæði og jákvæðni

Nauðsynlegt er að Vestfirðingar séu opnir fyrir öllum möguleikum til atvinnusköpunar og þá ekki síst fyrir þeim

möguleikum sem skapast með tilkomu nýju upplýsinga- og samskiptatækninnar. Tækni sem gerir búsetu óháða atvinnu og öfugt, hlýtur að koma öllum Vestfirðingum við og því hljóta t.d. bæjar- og sveitarstjórnir, vestfirsk fyrirtæki ásamt skólayfirvöldum að gefa þessum málum gaum og fylgjast vel með þróuninni.

Viðbrögð manna við hinu óþekktu eru oft neikvæðni og niðurrisstærsemi og hafa slík viðbrögð verið algeng með tilkomu Veraldarvefsins sem er hluti af hinni nýju upplýsingatækni. Einblínt hefur verið á neikvæðar hliðar vefsins og mikil umræða farið fram um klámeftni sem þar er að finna en mun minna fer fyrir umræðu um jákvæðu þættina sem koðna niður undan klámbullinu.

Í þessu sambandi er skemmt að minnst umræðunnar um ferðapjónustu í árdaga hennar á Vestfjörðum. Þá höfðu ekki margir trú að ferðapjónusta ætti framtíð fyrir sér hér vestra og það var mikið hlegið og grín gert af frumkvöðlunum. Núna hlær enginn og í dag er talið að ferðapjónusta á Íslandi eigi eftir að vaxa mest allra atvinnugreina og skila mestum gjaldeyriskjómum til þjóðarinnar ásamt sjávarútvegi og stóriðju. Ef til vill stæðu Vestfirðingar framar í ferðapjónustu í dag ef þeir hefðu verið örlítið jákvæðari gagnvart henni á sínum tíma.

Vestfirðingar þurfa að sýna frumkvæði við nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni til atvinnuþróunar og helst að verða leiðandi á þessu sviði. Til að svo megi verða, verða menn að taka höndum saman og taka hugmyndum með jákvæðu hugarfari. Stjórnvöld eru sífellt að átta sig meira á möguleikum þessarar tækni og myndu vafalaust leggja sitt af mörkum á vogarskálarnar.

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður Vestfirðinga

Hægt að vinna mörg störf á landsbyggðinni sem nú eru unnin í Reykjavík

Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður og stjórnar- maður í Byggðastofnun, sagði í samtali við blaðið að hjá Byggðastofnun sé verið að fara yfir með mjög skipulögðum hætti hver sé ástæðan fyrir þessum miklu búferlaflutningum sem átt hafa sér stað víða á landsbyggðinni.

„Þéttbýlisstöðum víða um landið hefur vegnað misjafnlega. Á sumum stöðum hefur orðið fólksfjölgun en á öðrum ekki. Við erum að skoða sérstaklega og láta bera saman aðstæður á þessum stöðum til að komast að ástæðunum á þessum mismun. Einnig erum við að vinna að mjög viðamikilli skoðanakönnun með aðstoð Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Með könnuninni verður m.a. reynt að komast að ástæðum fyrir búferlaflutningum fólks.

Byggðastofnun hefur ekki skoðað Internetið sérstaklega en hins vegar höfum við verið mjög áhugasamir um að byggja upp nýjar atvinnugreinar. Við

höfum stutt mikið við bakið á ferðapjónustu á landsbyggðinni og einnig reynt að aðstoða þá sem hafa viljað flytja fyrirtæki í heilu lagi í önnur sveitarfélög. Ég tel að þetta geti skipt miklu máli vegna þess, að með þessu er á vissan hátt verið að flytja nýja þekkingu inn í byggðarlögin.

Nauðsynlegt að efla fjarnám

Ég tel nauðsynlegt að efla fjarnám og hef talað fyrir því á Alþingi. Núverandi menntamálaráðherra hefur sýnt fjarnámi mikinn áhuga og telur að í því geti falið lykll að aukinni fjölbreytni námsbrauta. Þetta markmið gæti náðst með því að tengja skólana betur saman innbyrðis og jafnvel við háskólastigið, með notkun nýjasta samskiptabúnaðar eins og Internetinu.

Mín persónulega skoðun er sú, að ef ferskar hugmyndir um notkun þessarar nýju tækni

kæmu fram út á landi þá teldi ég eðlilegt að Byggðastofnun kæmi þar að málum sem stuðningsaðili.“

Er ekki hægt að flytja störf ríkisstofnana út á land í stað stofnana í heilu lagi með tilheyrandi kostnaði?

„Þetta er mál sem ég hef líka talað um og ég er alveg sammála þessu. Ég held að þarna séu mjög margir möguleikar á ferðinni. Það eru mjög mörg störf sem eru unnin t.d. í Reykjavík sem alveg eins væri hægt að vinna út á landi með hjálp nýjustu tækni. Í því sambandi vil ég benda á ýmis innsláttarverkefni sem unnin eru í stórum stíl af eftirlitsstofnunum eins og t.d. Hafrannsóknarstofnun, sem ég sá reyndar nýlega að var að auglýsa eftir fólki til svona starfa.“

Frumkvæði verður að koma frá heimamönnum

Myndir þú telja ástæðu til að efna til tilraunaverkefnis í

þessa veru með Vestfirði í huga?

„Ég hef bundið mjög miklar vonir við hið nýja atvinnuþróunarfélag því að sannleikurinn er sá, að svona verkefni verða aldrei unnin nema fyrir frumkvæði heimamanna. Það er alveg sama hversu velviljaðir menn eru í stofnunum eins

og Byggðastofnun, ef frumkvæði kemur ekki frá heimamönnum þá munu hlutirnir aldrei ganga upp.

Ég fullyrði að ef menn setja upp álitlegar áætlanir í heima- héraði þá mun ekki standa á velvilja og aðstoð opinberra stofnana eins og t.d. Byggðastofnunar. Ég held að í þessum

efnum sé þetta spurningin um að grípa tækifærið. Ég tel að þetta sé vel fær leið, ekki síst ef hún er unnin með tilstyrk aðila eins og þingmanna og Byggðastofnunar. Ég hef orðið aðeins var við það á síðustu mánuðum að augu manna eru töluvert að opnast fyrir þessum möguleikum.“

HÓTEL
Ísafjörður

Sjávarréttahlaðborð

Okkar árlega sjávarréttahlaðborð fyrir sælkera á laugardagskvöld. Stórkostlegt úrval af girnilegum sjávarréttum á drekkhlöðnu hlaðborði. Villi Valli við píanóið. Pantið borð.

Á sjöunda hundrað tonn óveidd

Rækjubátar sem stunda veiðar í Ísafjarðardjúpi komu með 97,2 tonn að landi dagana 10.-14. febrúar síðastliðinn, samkvæmt skýrslu Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði. Þann dag höfðu rúm 1.605 tonn af rækju komið á land úr Djúpinu á yfirstandandi vertíð, af 2.300 tonna heildarkvóta. Umrædda

fjóra daga fóru 46,7 tonn til vinnslu hjá Básafelli á Ísafirði, 19,6 tonn fóru til vinnslu hjá Bakka í Bolungarvík, 17,2 tonn fóru til vinnslu hjá Bakka í Hnífsdal og 13,5 tonn fóru til vinnslu hjá Frosta í Súðavík.

Frá því rækjuveiðar hófust í haust, hefur stærsti hluti aflans farið til vinnslu hjá Básafelli,

eða 923,4 tonn, 232,2 tonn hafa farið til vinnslu hjá Bakka í Bolungarvík, 203,4 tonn til vinnslu hjá Bakka í Hnífsdal og 169 tonn hafa farið til vinnslu hjá Frosta í Súðavík. Aflahæsti rækjubáturinn til þessa er Aldan ÍS-47 með 114,8 tonn, þá kemur Halldór Sigurðsson ÍS-14 með 112,2 tonn

og Örn ÍS-18 er þriðji aflahæsti rækjubáturinn með 112,1 tonn.

Mjög misjafnt er, hversu stóran rækjukvóta bátarnir eiga eftir að veiða og samkvæmt skýrslunni. Sá bátur sem á minnstan kvóta eftir, á aðeins eftir að veiða rúm fjögur tonn en sá sem á eftir mestan kvóta, á eftir tæp 73,5 tonn óveidd.

Móðir á Ísafirði skrifar

Til umhugsunar

Við fullorðna fólk, erum síffellt að kvarta undan frekjugangi, ókurteisi og virðingarleysi hjá börnum í garð fullorðinna. Við sjáum til þess að börnin okkar læri þá siði, hefðir og venjur sem okkur finnst sæmandi. Í því sambandi ber að nefna grímu-klæddar gönguferðir á bolludag til vina og kunningja sem og til ókunnugra. Við ýtum börnunum út í þessar heimsóknir, segjum þeim hvað þau eigi að gera og segja - umfram allt að syngja lag,

segja til nafns og taka hóflega úr sælgætisskálinni. Börnin taka þetta misalvarlega, en flest þau yngstu leggja mikið upp úr fallegum búningum og eru stolt af.

Ég fór með dóttur mína í slíkar heimsóknir s.l. bolludag og varð fyrir miður skemmtilegri reynslu. Ég stóð álangdar og fylgdist með þegar hún barði að dyrum. Svipurinn á andliti hennar gaf til kynna bæði kvíða og tilhlökkun og hún passaði að allt væri á sínum stað. Þegar dýrnar opnuðust voru heima-

menn eitthvað illa fyrir-kallaðir og hreyttu því út úr sér að þar væri ekkert sælgæti til. Sú stutta svaraði feimnislega, að það gerði ekkert til, hún ætlaði að syngja, en í því skelltust dýrnar aftur.

Ég spyr: Hvernig getum við ætlast til þess að börnin okkar læri mannsiði á meðan þau fá slíkar móttökur hjá okkur, þeim fullorðnu, sem eigum að vera þeirra fyrirmynd í lífinu?

Bolungarvík

Leiðrétting

Í frétt í 7. tbl., um hóf sem haldið var í tilefni 10 ára afmælis Vöruvals, var Kristín Gunnarsdóttir, rangfeðruð og sögð Halldórsdóttir.

Í sama blaði í frétt um þorablót Bolvíkingafélagsins, var systir Kristínar, Ósk Gunnarsdóttir, einnig rangfeðruð og sögð Guðmundsdóttir. Þær systur og aðrir viðkomandi eru beðnir forláts á mistökum þessum og er von blaðamanns að ekki hljóti af þessu varanlegur skaði.

Blaðamanni bar hins vegar gæfa til að fara rétt með nafn bróður þeirra, Agnars Gunnarsonar, en hann var ræðumaður kvöldins á þorablóti Bolvíkingafélagsins.



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ – SINDRAGATA

Tæknideild Ísafjarðarbæjar, f.h. bæjar-sjóðs Ísafjarðarbæjar, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu við Sindragötu, milli Njarðarsunds og Ásgeirsgötu á Ísafirði. Helstu magnþölur: Uppúrtekt 2.527m³, aðkeyrð fylling 1.830m³, regnvatnslagnir 231m³, vatnslagnir 154m³.

Verki skal að fullu lokið fyrir 13. júní nk. Útboðsgögn eru seld á kr. 10.000,- á bæjarskrifstofunum, Hafnarstræti 1, Ísafirði frá og með þriðjudeginum 4. mars nk. Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 18. mars nk. kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

FRÁ FUNA

Viðskiptavinum Funa er bent á að frá og með 1. mars n.k. verður breyting á opnunartíma gámastöðvar við Funa. Opnunartími verður framvegis frá kl. 13:00 - 21:00 alla virka daga og frá kl. 13:00 - 18:00 á laugardögum og sunnudögum. Á stórhátíðisdögum verður gámastöðin lokuð.

Opnunartími móttöku Funa er frá kl. 08:00 - 18:00 alla virka daga og er þeim sem eingöngu þurfa að losna við brennanlegt sorp bent á að hægt er að losa það beint í móttöku.

Munið að allt sorp á að flokka.



Dansnámskeið hefst föstudaginn 28. febrúar í Krúsinni á Ísafirði



Nemendur mæti sem hér segir:

kl. 15:30 - 16:10
10 og 12 ára

kl. 16:20 - 17:00
Línudans 12 - 15 ára

kl. 17:20 - 18:00
6 - 8 ára

kl. 18:10 - 18:50
4 og 5 ára börn

kl. 19:00 - 19:40
13 - 15 ára

kl. 20:00 - 20:40
Línudans fullorðnir

Hjónatímar kl. 21:00 - 22:30
5 kvöld

Heiðar Ástvaldsson, sími 896 0607


Bókamarkaður



Opnum á föstudag
markað með hundruð
góðra bóka á sérlega
hagstæðu verði

Skáldsögur, ævisögur, þjóðsögur og heilmikið af barna- og unglingsbókum

Opnið föstudag
kl. 9.00 - 19.00,
laugardag
kl. 10.00 - 16.00
og út næstu viku



BÓKHLAÐAN
ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3123



Bryndís Birgisdóttir og Gunnhildur Hálfánardóttir elska hákarlinn.



Hans Linnet, Þorvaldur á Stað, feðgarnir Vernharð Józefsson og Jósef Vernharðsson samt Stefáni Jónssyni eru hér sestir að trogum.



Hans Linnet tekur hér lagið fyrir þá Örvar Jóhannsson og Þorvald Þórðarson, tengdason sinn.

Súgfirðingar blóta Þorra og Góu til skiptis

Þrítugasta góublótið var haldið á laugardag

Súgfirðingar hafa í 61 ár haldið þeirri hefð að blóta Þorra og Góu til skiptis sitt hvort árið og var engin breyting þar á í ár. Það var fyrir 61 ári sem súgfirskar konur tóku af skarið og buðu súgfirskum karlmönnum á fyrsta þorrablótið. Karlarnir guldu síðan konunum það árið eftir og buðu til góublóts og hefur sú hefð síðan haldist. Í ár var því komið að körlunum að bjóða konunum til þrítugasta góublótsins og var það gert á

laugardaginn var. Um 140 manns sóttu blótið sem var með nokkrum hátíðarblæ vegna þrjátíu ára afmælisins. Dagskráin var þó hefðbundin, enda Súgfirðingar sammála um það að halda við þeim gömlu hefðum sem skapast hafa í kringum blótin. Þó var boðið upp á fordrykk í tilefni afmælisins. Síðan var sest að trogum, en hver fjölskylda kom með sitt eigið trog til blótsins. Á meðan borðhaldið stóð yfir flutti Valdimar Hreiðarsson

minni Súgandafjarðar, Benedikt Bjarnason minni Íslands og Óðinn Gestsson flutti minni kvenna. Að loknu borðhaldi var flutt klukkustundar löng skemmtidagskrá þar sem súgfirskt mannlíf var tekið fyrir í léttum dúr. Að lokinni skemmtun var stígn dans fram á rauða nótt við undirleik hljómsveitarinnar Miðnes. Sturla Páll Sturluson var á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.



Jóna Kristín Kristinsdóttir með tvo herra menn í takinu, þá Vigni Bergmann og Björn Guðmundsson.



Pröstur Karlsson snarar í sig hákarlsbita en Guðbjörn Kristmannsson heldur fast um neftóbakið.



Fundur hjá kvenfélaginu Kvöldsolinni er föst uppákoma á góublótum, en þess má geta að kvenfélag staðarins heitir Ársól.

Þjónustumiðstöð aldraðra á Þingeyri

Sautján milljónir til framkvæmda

Þegar ekið er um Þingeyri, þá vekur athygli stór og mikil bygging sem er í smíðum og virðist komin á seinni byggingarstigi. Þarna er um að ræða nýja heilsugæslustöð og þjónustumiðstöð fyrir aldraða, en smíði á húsinu hófst fyrir um tíu árum og er það nú tilbúið undir tréverk. Upphaflega var áætlað að byggingin yrði einungis þjónustumiðstöð fyrir aldraða, en á seinni stigum var

ákveðið að heilsugæslustöð yrði í hluta hússins. Framkvæmdir við bygginguna hafa legið niðri um tveggja ára skeið og samkvæmt upplýsingum blaðsins mun ástæðan fyrst og fremst hafa verið bágur fjárhagur Þingeyrarhrepps.

Ragnheiður Ólafsdóttir, á Þingeyri, hefur bent á að vistpláss fyrir aldraða sé af skornum skammti á Ísafirði og biðlisti eftir plássum á Hlíf. Hún

vill því að byggingu heilsugæslu- og þjónustumiðstöðvarinnar verði lokið hið fyrsta til að hægt verði að bjóða öldruðum vistpláss á Þingeyri. Hún hefur jafnframt bent á að stöðugildum við heilsugæslustörf á Þingeyri væri hægt að fjölga með þessu móti, en um 60-70 manns hafa verið á atvinnuleysisráði á Þingeyri undanfarna mánuði. Ísafjarðarbær hefur ákveðið

að veita 10 milljónum króna á þessu ári til áframhaldandi framkvæmda við heilsugæslu- og þjónustumiðstöðina á Þingeyri og kemur þá mótframlag frá ríkinu upp á 7,2 milljónir króna. Það er því áætlað að 17,2 milljónir fari til framkvæmdanna á árinu og að hægt verði taka bygginguna í notkun snemma á næsta ári.

Það mun þó ekki þýða aukningu á stöðugildum í heilsu-

gæslu á Þingeyri, samkvæmt heimildum blaðsins, og verða þau áfram 8-10 eins og raunin er í dag. Í dag starfa lækni og hjúkrunarfræðingur við heilsugæslustöðina á Þingeyri, ásamt ritara í hlutastarfi. Við sjúkaskýlið eru 5,5 stöðugildi.

BB kannaði stöðu vistunarmála aldraðra á Ísafirði og fékk þær upplýsingar hjá Jóni Tynes, félagsmálastjóra Ísafjarðarbæjar, að ekki væri um

neina biðlista að ræða og í mesta lagi skapaðist tímaþandi einn til tvo aðila hverju sinni. Jón benti á, að einungis tvö af fimm öldrunarplássum á sjúkaskýlinu á Þingeyri væru nýtt og sagði að vel kæmi til greina að nýta þau fyrir Ísfirðinga, ef þær aðstæður sköpuðust, en það myndi velja á vilja fólksins sjálfs - fólk yrði ekki sent gegn vilja sínum.

Ísafjörður

Dagur tónlistarskólanna

Laugardagurinn 1. mars hefur verið útnefndur Dagur tónlistarskólanna á Íslandi og er ætlunin að nota daginn til að vekja athygli almennings og stjórnvalda á því mikla starfi sem fram fer í tónlistarskólum um allt land.

Af þessu tilefni verða hinir árlegu miðsvetrartónleikar

Tónlistarskóla Ísafjarðar um næstu helgi eða dagana 1. og 2. mars og hefjast kl.17:00 báða dagana. Hér er um að ræða mjög viðamikla tónleika þar sem hátt á annað hundrað nemenda koma fram í samleik af ýmsu tagi. Markviss þjálfun í samleik er afar mikilvægur þáttur tónlistaruppeldis, auk

þess sem slík vinna eflir samhug meðal nemenda.

Mismunandi efnisskrá er á tónleikunum hvorn dag, en dagskráin er afar fjölbreytt og lífleg og spannar tímabilið frá 16. aldar dönsnum til nýjustu danstónlistar. Á tónleikunum leika fjölmargir samleikshópar; dúett, tríó, kvartettar og

nokkrir stærri hópar.

Þess má geta að blásarasveit nemenda kemur fram á laugardaginn en á sunnudagstónleikunum syngur barnakór skólans. Strengjasveit skólans kemur fram á báðum tónleikunum en hún er að búa sig undir ferðalag til Póllands á vori komanda.

Ísafjörður

Dansskóli Heiðars

Dansskóli Heiðars mun á næstu vikum bjóða Ísfirðingum upp á danskennslu og hefjast fyrstu námskeiðin föstudaginn 28. febrúar. Að sögn Heiðars Ástvaldssonar, sem rekið hefur dansskóla í 40 ár, var það föst venja að koma með danskennslu til Ísafjarðar á árum áður.

„Síðan Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar hætti að koma vestur þá hefur danskennsla einhverra hluta vegna lognast út af. Þetta gerist á sama tíma og dansinn er að eflast mikið allsstaðar. Mér finnst alveg ömurlegt að ekki skuli vera hægt að vinna upp dansinn á Ísafirði þannig að ég ákvað að koma sjálfur til Ísafjarðar,“ sagði Heiðar.

Íslensk fyndni!

Í síðasta tölublaði beggia héraðsblaðanna sem gefin eru út á Ísafirði birtist grein eða athugasemd eftir einn sviðsstjórnara hjá Ísafjarðarbæ. Sá góði maður hefur ekki mikið álit á Ísafirðingum, þegnum hins nýja bæjarfélags, sem hann starfar fyrir. Þröngsýni einkennir íbúanna. Það er skoðun. Ef til vill er það skoðun sem á fullan rétt á sér. En það er skoðun þess sviðsstjóra sem hélt á pennanum í síðustu viku. Eitthvað hefur skolast til við lestur hans á þeirri illa búnu fyndni sem hann gerir að umræðuefni í athugasemd sinni. Í fyrsta lagi var ekki um fyndni að ræða í þessum pistli. Málið er nefnilega grafalvarlegt. Atvinnuástand á Þingeyri er ekki til þess að gera grín að. Það er Þingeyringum mikið alvörumál að atvinna haldist í plássinu. Ef svo verður ekki, er tilveru þorpssins ógnað. Það er staðreynd sem engum dylst.

Framtíðarsýn

Með sama hætti er það fólk sem býr við svo alvarlegt ástand og óttast um framtíð heimabyggðar sinnar mikið alvörumál, að þeir starfsmenn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem ráðnir eru til æðstu starfa á vegum þess, hafi sjálfir þá trú á bæjarfélaginu, að þeir treysti sér til að búa þar. Íbúar þessa nýja bæjarfélags velta því stundum fyrir sér og ræða sín á milli hvort virkilega sé svo illa komið, að þegar hátt á þriðja tug umsækjenda skilar sér um bæjarritarastarf og enginn hæfur, að þeir einu sem vilja koma hér og vinna, verji stórum hluta vinnutíma síns syðra eða minnsta kosti tíma. Gagnrýni, ef gagnrýni skyldi kallast, beinist ekki að einstökum starfsmönnum, fremur að bæjarstjórninni, sem kosin er til að gæta hagsmuna íbúa sinna.



Stakkur
skrifar

Bæjarstjórnin hlýtur að setja starfsmönnum sínum ramma til að vinna eftir. Varla ganga þeir sjálfala og eftirlitslausir í störfum sínum. Um störf þeirra sem nefndir eru sviðsstjórnar gilda að minnsta kosti í flestum tilvikum ákveðnar reglur, sumar settar í lögum frá Alþingi og aðrar í reglugerðum, auk þeirra sem bæjarstjórn setur eða hlýtur að setja. Því má ekki gleyma heldur að íbúar hins nýja sameinaða Ísafjarðarbæjar hafa gert sér miklar vonir um ágæti sameiningar. Þær vonir lifa enn. En sá ótti hefur læðst að mönnum að metnað og kraft skorti hjá bæjarstjórn sjálfri. Þá líta íbúar til þeirra starfsmanna, sem falin er ábyrgð og trúnaður á störfum á vegum hennar.

Fram hefur komið á þessum vettvangi að nýjum íbúum er fagnað. Á það hefur verið benti að lífið á Vestfirðum er frábrugðið því sem víða annars staðar gerist, reyndar mjög ólíkt. Hér býr gott fólk, stundum hart á yfirborðinu, en öðrum betra þegar á bjátar í flestum tilvikum. Harkan sem leiðir af erfiðri lífsbaráttu gerir að verkum að fólk gerir kröfur, kannski meiri en aðrir landsmenn.

En er það of mikil krafa að gera, um leið og nýir íbúar eru boðnir velkomnir að við íbúarnir, sem fyrir erum, finnum það að þeir aðkomnu, í trúnaðarstörfum fyrir samfélagið, láti sér annað um það og íbúa þess?

Íbúar Ísafjarðarbæjar láta venjulega ekki mikið í sér heyra, þeir eru þolinmóðir. Jafnframt vilja þeir geta verið stoltir af forsvarsmönnum bæjarfélagsins. Hluti af því er að finna þá sem eðlilegan hluta þess. Er sú framtíðarsýn röng?

Þröngsýni!

Ekki skal hafin umræða um þröngsýni. En getur ekki verið að þeir sem bregðast við skrifum, svo sem sviðsstjórnin gerði, skorti eilítið á víðsýni, svo ekki sé dýpra í árinna tekið? Hafi hann fundið í skrifum á þessum vettvangi gagnrýni á einstaka starfsmenn bæjarfélagsins, þá hefur hann fundið meira en aðrir lesendur. Sá hæfileiki er reyndar góður, að sjá það sem aðrir ekki sjá.

Þegar lítið er til framtíðar er fátt nauðsynlegra Vestfirðingum en ný sýn á lífið hér vestra, ný tækifæri til að styrkja hér mannlíf og byggð. Það verður að finna grundvöll til þess að fólk, sem hér býr og leitar annað, eigi þess kost að flytja heim að loknu námi. Jafnframt er nauðsynlegt að finna að þeir sem hingað flytja vilji búa hér og það sjáist í verki.

Kjósendur og íbúar í Ísafjarðarbæ bíða þess að þeir, sem í forystu ganga, sýni slíkt í verki í anda víðsýni og metnaðar. Þá skiptir engu hvað þeir heita. Það væri sannarlega gleðiefni og stæði fyndni snöggtum framfarum.

-Stakkur.

TOPP 10

MYNDBÖND HIÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Independence Day
2. Mission Impossible
3. Fargo
4. Eye for an eye
5. Spy Hard
6. Truth about...
7. The Rock
8. Dia-Dome
9. X-Files
10. Diabolique

Til sölu er **Guðmundur Einarsón IS-155** sem er 22 feta flugfiskur með 165hp Volvo Penta vél. Selst án veiðiheimilda, vagn fylgir. Upplýsingar í síma 456 4484

Til sölu nýlegt, mjög gott myndbandstæki. Verðhugmynd: 20 þúsund. Upplýsingar í síma 456 7473

Til sölu grænsanseraður **Toyota 4-Runner** árg. '91. Dekurbíll, ath. skipti. Upplýsingar gefur Alfred í síma 456 4027

Til sölu **Skidoo Safari** vélsleði árg. '92. Upplýsingar í síma 456 7741

Til sölu eða leigu er 132m² einbýlishús ásamt 70m² bílskúr að Hjallabyggð 9 Suðureyri. Söluverð: 5 millj., leiga 28 þús. á mán. Laust nú þegar. Nánari upplýsingar í síma 567 6217 eftir kl. 20.

Óska eftir notuðum **örbylgjuofni**, ódýrt eða gefins. Má vera bilaður. Upplýsingar veittar í síma 456 4621

Ódýr eðlvað! Til sölu Volvo 340 DL, árg. 1985. Verð einungis 40 þús. Upplýsingar í síma 456 4030 á kvöldin.

Páfagaukar til sölu. Upplýsingar í síma 456 5224

3-4 herbergja **íbúð** óskast til leigu á Ísafirðarsvæðinu. Upplýsingar í síma 456 5117

Flótti frá Reykjavík! Óskum

http: góðar a NETINU

http://www.greenpeace.org
Á heimasíðu Greenpeace eða Grænfríðunga er margt fróðlegt og er þar ekki einungis hvalveiðaráróður.

http://www.thex-files.com
Þættirnir The X-Files hafa heldur betur slegið í gegn hér á landi, ekki er heimasíðan þeirra verri.

http://www.cs.bc.edu/kawashin/deniro.html
Þeir eru margir leikararnir sem eru með heimasíðu og þeirra á meðal er Robert De Niro. Á síðunni er hægt að sjá yfirlit yfir myndir og margt, margt fleira.

SPÓLAN TÆKINU

Eye for an eye
Áhrifamikil mynd um McCann-fjölskylduna sem berst við réttarkerfið eftir að dóttur þeirra er nauðgað og hún myrt á hrottalegan hátt. Eye for an eye er mynd sem allir ættu að sjá.

HELGAR veðrið

Horfur á fimmtudag:
Nokkuð hvöss austan-átt, slydda eða rigning og hiti 1 til 3 stig allra syðst og vestast en sjúkoma og hiti nálægt frostmarki annars staðar.

Horfur á föstudag:
Hvöss norðan átt og snjúkoma norðan til á landinu en hægari og skýjað að mestu sunnan til. Vægt frost norðvestan til en annars verður hiti nálægt frostmarki.

Horfur á laugardag:
Hvöss sunnan og suðaustan átt, hlýnandi veður og snjúkoma en síðan rigning á landinu.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu er **Guðmundur Einarsón IS-155** sem er 22 feta flugfiskur með 165hp Volvo Penta vél. Selst án veiðiheimilda, vagn fylgir. Upplýsingar í síma 456 4484

Til sölu nýlegt, mjög gott myndbandstæki. Verðhugmynd: 20 þúsund. Upplýsingar í síma 456 7473

Til sölu grænsanseraður **Toyota 4-Runner** árg. '91. Dekurbíll, ath. skipti. Upplýsingar gefur Alfred í síma 456 4027

Til sölu **Skidoo Safari** vélsleði árg. '92. Upplýsingar í síma 456 7741

Til sölu eða leigu er 132m² einbýlishús ásamt 70m² bílskúr að Hjallabyggð 9 Suðureyri. Söluverð: 5 millj., leiga 28 þús. á mán. Laust nú þegar. Nánari upplýsingar í síma 567 6217 eftir kl. 20.

Óska eftir notuðum **örbylgjuofni**, ódýrt eða gefins. Má vera bilaður. Upplýsingar veittar í síma 456 4621

Ódýr eðlvað! Til sölu Volvo 340 DL, árg. 1985. Verð einungis 40 þús. Upplýsingar í síma 456 4030 á kvöldin.

Páfagaukar til sölu. Upplýsingar í síma 456 5224

3-4 herbergja **íbúð** óskast til leigu á Ísafirðarsvæðinu. Upplýsingar í síma 456 5117

Flótti frá Reykjavík! Óskum

Drylufélagar! Munið aðalfundinn föstudaginn 28. feb. kl. 20:00. Nefndin.

Til sölu **Toyota Hilux** árg. '84. 33" dekk, nýsprautaður. Upplýsingar í síma 456 4061 eftir kl. 19

Óska eftir að kaupa notuð **svigskíði**, 155 cm - með eða án bindinga. Upplýsingar í síma 456 5064

Óska eftir notuðum **bílasíma**. Á

5 herbergja **íbúð** til leigu við Aðalgötu á Suðureyri. Upplýsingar í síma 551 4134, Inga.

Til sölu **Skidoo vélsleði** ásamt keru. Upplýsingar í síma 456 3426 og vs. 892 9566

BÍ foreldrar! Kökudiskar eru í óskilum eftir kjör íþróttamanns Ísafjarðarbæjar. Upplýsingar í síma 456 5035

Óska eftir að kaupa vel með farnar **kojur**. Upplýsingar í síma 456 3014

Óska eftir að kaupa **barnekerru**. Upplýsingar í síma 456 7564

Óska eftir að kaupa tvöfalda **hnappaharmoniku**. Stærri hnappaharmonika kemur líka til greina. Upplýsingar í síma 456 4684, Pétur.

Smáauglýsingasími Bæjarins besta er **456 4560**. Smáauglýsing er engin smá auglýsing

sama stað til sölu ritvél og skíði, 1,80m. Upplýsingar í síma 456 7160, Bjarni.

Óska eftir 2-3 herbergja **íbúð** á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 4269

Tapað fundið! Skinnhúfa fannst við Ísfiðarkirkju í síðustu viku. Upplýsingar í síma 456 3097 og 456 3123, Gunnhildur.

Tapað fundið! Úr fannst á árs-hátíð FVÍ í félagsheimilinu í Hnífssdal. Upplýsingar í síma 456 7137

Ert þú af árgerð 1960 og gekkst í skóla á Ísafirði. Þá er skyldu-mæting Á Eyrinni þriðjudaginn 4. mars kl. 20:30

Til sölu **Laser 486** 100mhz, 32mb vinnsluminni, 855 HDD. Fullt af forritum. Upplýsingar í síma 456 5135 eða 456 3072

Til sölu **svartborðstofuborð**, furu hilluveggur, 3 stk. glerborð og barnaskrifborð. Upplýsingar í síma 456 4289

Atvinna

Starfskraft vantar í Áfengis- og tóbaks-verslun ríkisins á Ísafirði.

Upplýsingar gefur útibússtjóri í síma 456 3455.

ÁTVR, Ísafirði



striptease

Erotic Club Óðal



Í fyrsta skipti á Vestfjörðum frá Erotic Club Óðal

Þær alheitustu í bænum!

Að sjálfsögðu í Sjallanum föstudags- og laugardagskvöld Aðgangseyrir kr. 1.000,-

Boðið verður upp á einkadansa

18 ár

Sjóðheitt dæmi!

Sjáumst



ÍSAFJARÐARBÍÓ



Daylight

Sunnudag kl. 21:00

Mánudag kl. 21:00

UM HELGINA

Laugardagskvöld til kl. 03

Sægreifarnir

sjá um fjörið



18 ár



- alltaf eitthvað nýtt í ofninum

Sameining sparisjóða

Ákvörðunar að vænta í vor

Fulltrúar sparisjóðanna fjögurra sem að undanförunu hafa verið að skoða möguleika á sameiningu, þ.e. Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Súðavíkur, Sparisjóðs Öndarfjarðar og Sparisjóðs Þingeyrarhrepps, komu saman til fundar í síðustu viku. Á þeim fundi var ákveðið að ráða Gísla S. Arason, frá Stuðli hf., rekstrarráðgjöf í Reykjavík, til að gera faglega úttekt á kostum og göllum þess að sameina sparisjóðina.

„Það verða fundarhöld á vegum sparisjóðanna í landinu í Reykjavík, dagana 19.-21. mars. Þar munu fulltrúar sparisjóðanna fjögurra mæta og fara yfir stöðu mála. Það eru ýmis sjónarmið á lofti og það er ekkert í hendinni að af sameiningu geti orðið. Sparisjóðirnir eru hver um sig með sterka

stöðu og það er því ekki erfið fjárhagsleg staða sem knýr þá til sameiningar. Við höfum ekki óendanlegan tíma til að taka ákvörðun og hjá sumum viðsemjenda gætir óþolinmæði vegna þess hversu langan tíma viðræðurnar hafa tekið. Ég held að endanleg ákvörðun verði tekin á aðalfundum sparisjóðanna sem fram fara í maí. Annars hvort verður sameiningin blásin af eða gengið til sameiningar fyrir vorið,” sagði Eiríkur Finnur Greipsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Öndarfjarðar í samtali við blaðið.

Eiríkur Finnur sagði enn fremur að Sparisjóður Öndarfjarðar væri að skoða ýmsa möguleika á útvíkkun starfsemi sinnar, óháð því hvort af sameiningu sparisjóðanna fjögurra yrði.

Orkubú Vestfjarða

Hagkvæmni hlutafélagsreksturs könnuð

Á síðasta aðalfundi Orkubús Vestfjarða kom fram ósk frá bæjarstjórn Vesturbyggðar um að könnuð yrði hagkvæmni þess að breyta rekstri fyrirtækisins í hlutafélag. Til verksins var ráðinn Haraldur L. Haraldsson, fyrrum bæjarstjóri á Ísafirði, og er beðið skýrslu hans til þess að hægt verði að taka endanlega ákvörðun um framhaldið. Orkubú Vestfjarða er í dag rekið sem sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum og er 60% hlutfjár í eigu sveitarfélaganna. Eiríkur Finnur Greipsson, stjórnarformaður Orkubúsins, sagðist í samtali við blaðið, telja að breyting á rekstrarformi fyrirtækisins væri ekki skynsamlegur kostur fyrir notendur rafmagns á Vestfjörðum, en hins vegar hefði verið ákveðið að láta gera framangreinda

úttekt að beiðni bæjarstjórnar Vesturbyggðar.

„Það var samþykkt á fundinum að láta gera úttekt á kostum og göllum þess að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Ég og framkvæmdastjóri Orkubúsins ræddum þessi mál mjög ítarlega á síðasta aðalfundi fyrirtækisins. Okkar niðurstaða var sú að það væri mjög óraunhæft að reikna með því að breyting á rekstrarformi, leiddi til þess markmiðs sem Orkubúið var upphaflega myndað um, þ.e. að tryggja Vestfirðingum lægsta mögulega orkuverð við viðunandi öryggi. Ef fyrirtækinu verður breytt í hlutafélag, myndu hluthafar krefjast arðs af sínu fyrirtæki, og þar með þyrfti að hækka orkuverðið. Við teljum að íbúar svæðisins vilji ekki þann kost,” sagði Eiríkur Finnur.

Ísafjarðardjúp

Árni leigir Langadalsá

Veidifélag Langadalsár hefur gengið frá samningi um leigu árinna í sumar til hins kunna laxveiðimanns, Árna Baldurssonar. Fimm aðilar buðu í ána og átti Árni hæsta tilboð, 2,4 milljónir króna staðgreitt. Stangaveiðifélag Ísfirðinga bauð 2,2 milljónir króna fyrir ána en missti af hnossinu til laxveiðimannsins. Samkvæmt upplýsingum blaðsins, mun júlímánuður þegar hafa verið leigður erlendum veiðimönnum og stendur nú yfir sala á veiðileyfum á öðrum tímum til innlendra veiðimanna.

Að sögn Jóns Arngrímssonar,

stjórnmanns í Veidifélagi Langadalsár, mun verð á veiðileyfum yfir besta veiðitímum hækka frá síðasta sumri, en verð á öðrum tímum lækka frá því sem var. Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum, sem séð hefur um sölu veiðileyfa í Langadalsá, sagði í samtali við blaðið að ráðgert væri að opna ána 12. júní og að verð á veiðileyfum yrði væntanlega svipað og á síðasta ári, enda hefði það aldrei verið lægra en þá. Sigurjón sagði að ekki hefði komið til álita að leigja ána út í sumar, þar sem mun minna væri upp úr því að hafa.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

ÍSAFJÖRÐUR:

Vitinn: Söluturn í fullum rekstri 34m² húsnæði á besta stað í bænum. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Tilboð óskast.
Dalbraut 10: 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
Miðtún 31: 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.
Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
Silfurgata 11: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
Stakknes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
Strandgata 5: U.þ.b. 65m² 3ja herbergj íbúð á efri hæð í fjölbýli. Laus. Góð greiðslukjör.
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð 15.500.000,-



Kirkjuvegur 2: 214m² glæsilegt einbýlishús. Laust samkvæmt samkomulagi.

BOLUNGARVÍK:

Ljósaland 6: 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 7.500.000,-
Hafnargata 46: Allt húsið. Selst ódyrt.
Hlíðarstræti 7: 110m² einbýlishús ásamt tvöföldum bílskúr. Verð: 6.000.000,-
Holtabrún 6: 230m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggð-um bílskúr. Verð: 10.000.000,-
Holtagata 9: Lítið og snyrtilegt einbýlishús úr timbri. Húsið er laust. Verð: 3.800.000,-
Skólastígur 20: 140m² á 2. hæð í parhúsi. Verð: 1.600.000,-
Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Traðarland 24: 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
Vitastígur 11: Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-
Völusteinsstræti 4: 2x126m² einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-

SUÐUREYRI:

Hlíðarvegur 3: 147m² tvílyft einbýlishús auk 40m² bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurniðslu og selst ódyrt.
Aðalgata 9: U.þ.b. 90m² einbýlishús.

FLATEYRI:

Grundarstígur 26: Lítið einbýlishús. Húsið er laust og selst með góðum kjörum.

CLARINS
EAY DYNAMISANTE
Fyrsta ilmsnyrti
-vatnið

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Viðkvæm húð er ekkert vandamál hjá **CLARINS**

Fyrstu flutningabílarirnir sem Fagranesið flytur um Ísafjarðardjúp

Munum notfæra okkur þjónustuna ef semst um verð

– segir Kristinn Ebenesersson, framkvæmdastjóri Ísafjarðarleidar, sem var ánægður með fyrstu ferðina sem farin var á laugardag

Á laugardag gerðist það í fyrsta skipti að djúpbáturinn Fagranes flutti vöruflutningabíla um Ísafjarðardjúp, frá Arngerðareyri til Ísafjarðar. Fagranesið fór eina ferð að Arngerðareyri og flutti til baka þrjá vöruflutningabíla, þar af einn með aftanívagn, þrjá fólksbíla, tvo vélsleða auk nokkurra farþega. Bílarnir höfðu allir verið veðurtepptir á annan sólarhring á Hólmavík og var ákveðið að kalla til Fagranessins þegar ljóst var að erfið færð var um vegi Ísafjarðardjúps sem og að mikil snjóflóðahætta var á Súðavíkurlíð.

Einn vöruflutningabíllinn var frá Vöruflutningum Ármanns Leifssonar í Bolungarvík en tveir voru frá Ísafjarðarleid hf. Kristinn Ebenesersson, fram-

kvæmdastjóri Ísafjarðarleidar, sagðist í samtali við blaðið vera ánægður með þessa fyrstu ferð og vonaðist hann til að framhald gæti orðið á ferðunum þegar ferjubryggja á Ísafirði yrði tekin í notkun um miðjan næsta mánuð. „Þetta gekk vonum fram en um framhaldið get ég ekki sagt til um á þessari stundu. Við getum vel hugsað okkur að notfæra okkur þessa þjónustu áfram, en það fer allt eftir tímaáætlun skipsins sem og kostnaðinum við flutningana,” sagði Kristinn í samtali við blaðið.

Kristinn sagði að óformlegar viðræður hefðu átt sér stað við stjórnendur Hf. Djúpbátsins um áframhaldandi flutninga en engin niðurstaða væri enn fengin. „Við munum sjálfsgat



Vöruflutningabifreið Ísafjarðarleidar hf., bakkar um borð í Fagranesið við Arngerðareyri á laugardag.

óska eftir viðræðum en hvenær þær verða og hvort þær skila einhverjum árangri er ómöglegt að segja til um á þessari

stundu. Það er engin spurning að við munum notfæra okkur þessa þjónustu, ef semst um verð og tímaáætlun, sérstaklega



Og ekur frá borði við höfnina á Ísafirði síðdegis á laugardag. Kristinn Ebenesersson, framkvæmdastjóri Ísafjarðarleidar fylgist hér ánægður með.

á meðan að ófærð er um vegi Ísafjarðardjúps, sem og þegar vegirnir eru í slæmu ásigkomulagi. Við höfum ætíð ver-

id jákvæðir gagnvart Djúpbátnum og það er engin breyting þar á,” sagði Kristinn Ebenesersson.

Hæstiréttur dæmir í máli Lübberts, Ósvarar og Frosta

Björgvin og Ingimar sýknaðir

Hæstiréttur Íslands hefur staðfest dóm Héraðsdóms Vestfjarða um sýknu yfir Björgvini Bjarnasyni, fyrrum framkvæmdastjóra Ósvarar í Bolungarvík, og Ingimar Halldórssyni, framkvæmdastjóra Frosta í Súðavík, og sakfellingu íslensks starfsmanns fyrirtækisins Lübbert í Bremerhaven í Þýskalandi.

Héraðsdómur Vestfjarða dæmdi í málinu í apríl á síðasta ári og skaut Ríkissaksóknari sýknu manna tveggja til Hæstaréttar og sá sem sakfelldur var, Ari Halldórsson, áfrýjandi dóminum hvað sig varðaði. Tveir menn sem einnig voru sakfelldir í héraðsdómi, fiskútflutjandi í Reykjavík og fyrirtakar hins erlenda fyrirtækis,

áfrýjuðu ekki.

Mönnum þremur voru gefin að sök lögbrot, m.a. í tengslum við kvótaviðskipti Ósvarar og Frosta við þýska fiskisöluvyrirtækið Lübbert í Bremerhaven. Fleiri innlend fiskvinnslufyrirtæki komu við sögu og taldi ákærvaldið að þau hefðu í reynd verið verktakar hins erlenda fyrirtækis.

Talið var að viðskiptin hefðu fært Lübbert yfirráð yfir um 1.000 tonnum af karfakvóta á Íslandsmiðum.

Hæstiréttur staðfesti einnig á fimmtudag í síðustu viku, þá niðurstöðu héraðsdóms að dæma hinn íslenska starfsmann Lübberts í 60 daga varðhald, skilorðsbundið til tveggja ára. Að auki ber mannum að

greiða tveggja milljóna króna sekt, en aflána fjögurra mánaða varðhald verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Auk þess var mannum gert að greiða áfrýjunarkostnað og málsvarnarlaun en saksóknarkostnaður varðandi þá Björgvin og Ingimar, verður greiddur úr ríkissjóði.

Skíðasvæðið

Opnunartímar

Skíðasvæðið á Seljalandsdal verður opið sem hér segir það sem eftir lifir vetrar. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, verður opið frá kl. 13-18 og á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 13-21.

Á laugardögum og sunnudögum verður opið frá kl. 10-17. Gjaldskrá fyrir skíðasvæðið og ferðaplan fyrir skíðarútu, liggja frammi á flestum þjónustustöðum.

Vestfirðir

Skotið á rofaskýli og ljósker

Skotið var af haglabyssu á rofaskýli Orkubús Vestfjarða aðfaranótt miðvikudagsins 19. febrúar s.l. Starfsmenn Orkubúsins höfðu komið skýlinu fyrir á sökkul sinn daginn áður, og komu að því

sundurskotnu þegar þeir mættu til vinnu á miðvikudagsmorgun. Skýlið er staðsett við gangnamunnann í Botnsdal og er talið ónýtt eftir skothríðina. Verðmæti skýlisins, sem er úr blikki, er um 100 þúsund krón-

ur og gæti því upptæki þetta orðið dýrt þeim sem verknáðinn vann.


Fjögur ljósker voru einnig skotin í tætlur á Óshlíð aðfaranótt laugardagsins 15. febrúar, þannig að ljóst er að einhver,



Egill Sigmundsson, deildarstjóri tæknideildar Orkubús Vestfjarða við rofaskýlið sem er ónýtt eftir skothríðina.

sem ekki ætti að hafa byssu til umráða, gengur lausum hala

og fær útrás fyrir skemmdarfíkn sína á þennan hátt. Lög-



Afrakstur skemmdarfíknar óprúttins byssumanns.

reglan á Ísafirði vinnur nú að rannsókn málnanna.



Fyllum Jakann!

KFÍ - Keflavík

Föstudaginn 28. janúar kl. 20:00

Fyllum Jakann!

